

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2020, mánudaginn 27. janúar kl. 13:00 var haldinn 284. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1. Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Petta gerðist:

1. Fundargerð SF 283 samþykkt og undirrituð.
2. Klukkan 13:10 mætti til fundarins Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar. Áhættuskýrsla, dags. 31. desember 2019 lögð fram. Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur mætti til fundarins kl. 13:24. Umræður.

[Bókun tekin út vegna trúnaðar]

3. Klukkan 14:00 mættu til fundarins Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri OR, Þröstur Olaf Sigurjónsson frá HÍ og Ahmad Rahnama frá IESE og kynntu rannsókn á grænni skuldabréfaútgáfu OR. Umræður.

Klukkan 14:07 yfirgaf Ingvar Stefánsson fundinn.

4. Klukkan 14:30 mættu Eiríkur Hjálmarsson og Hólmfríður Sigurðardóttir til fundarins og gerðu grein fyrir drögum að ársskýrslu fyrir árið 2019. Einnig lögð fram tillaga um forgangsröðun heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Þau markmið, sem sett eru í forgang eru: hreint vatn og salernisaðstaða, sjálfbær orka, aðgerðir í loftslagsmálum og ábyrg neysla og framleiðsla.

5. Stjórnarformaður kynnti drög að samningi um innri endurskoðun fyrir OR. Afgreiðslu samningsins frestað.

6. Klukkan 15:15 mættu Grettir Adolf Haraldsson ásamt hönnuðum til fundarins og kynntu 2. hönnunaráfanga Sögu- og tæknisýningar í Elliðaárdal. Lögð fram svohljóðandi tillaga. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta vinna fyrri hluta hönnunaráfanga 2 (áfanga 2.1) að sögu- og tæknisýningu í Elliðaárdal á grunni hönnunarhandbókar (hönnunaráfanga 0) sem sigurvegarar hugmyndasamkeppni OR skiluðu til stjórnar í nóvember. Áætlaður kostnaður við áfangann er 70 milljónir kr. f. utan vsk. Samþykkt samhljóða.

7. Heildarstefna OR og jafnréttisstefna lagðar fram til rýni. Stefnurnar samþykktar samhljóða.
8. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína, dags. 24. janúar 2020 um starfsemina á milli stjórnarfunda. Umræður

Hildur Björnsdóttir yfirgaf fundinn kl 15:45.

9. Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar og Heiða Aðalsteinsdóttir sérfræðingur á rannsóknum og nýsköpun mættu til fundarins kl 15:45 og gerðu grein fyrir lykilverkefningu Ábyrg og sjálfbær nýting náttúrugæða. Staða auðlinda og forða. Umræður.

10. Umfjöllun um gildakönnun frestað.

11. Víðir Ragnarsson mætti til fundarins kl 16:10 og kynnti niðurstöðu vinnustaðagreiningar sem gerð var meðal starfsmanna í desember.
12. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða dags. 22. janúar s.l. og um stöðu forðagæslu dags. 23. janúar s.l. Umræður.
13. Önnur mál.
 - Eftirtalin skjöl lögð fram: Bréf til stjórnarmanna, dags. 1 janúar 2020 vegna spildu í landi Litla-Saurbæjar I ásamt fylgigögnum, umsögn Veitna um tillögu að nýju deiliskipulagi við Stekkjarbakka, dags. 13. mars 2019 ásamt fylgigögnum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:50.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn þann 24. febrúar 2020.

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arndals
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Hildur Björnsdóttir,
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.